

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 463/1988 um Atvinnutryggingarsjóð
útflutningsgreina sbr. reglugerð nr. 505/1988.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Hlutverk Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina er að veita lán til skipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá fyrirtækjum er framleiða til útflutnings. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma.

Pegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hjá hlutafjárjóði Bygðastofnunar og leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

Heimili og varnarþing Atvinnutryggingarsjóðs er í Reykjavík.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Forsætisráðherra skipar átta menn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs, þar af þrjá að höfðu samráði við formenn þingflokka. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra tilnefna hver um sig einn stjórnarmann. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar án tilnefningar.

Forsætisráðherra skipar varamenn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs. Skulu þeir tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Forsætisráðherra veitir stjórn Atvinnutryggingarsjóðs lausn og ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 9, 2. mars 1989, um efnahagsaðgerðir öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 2. október 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um flutning prestsseturs í Bjarnanesprestakalli í Skaftafellsprófasts-
dæmi frá Bjarnanesi að Höfn.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 35. 9. maí 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og með vísan til umsagnar biskups, héraðsprófasts, sóknarprests og meirihluta viðkomandi sóknarnefnda er hér mælt svo fyrir að aðsetursstaður sóknarprests í Bjarnanesprestakalli skuli flytja frá Bjarnanesi í Nesjahreppi að Höfn í Hornafirði.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. september 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Porsteinn Geirsson.